

Björgunaruppgröftur í landi Nausta á Akureyri. (Framvinduskýrsla I).



**Eftir Oddgeir Hansson, með viðbótum eftir Magnús Á Sigurgeirsson
og Astrid Daxböck**



Fornleifastofnun Íslands

FS380-07261

Reykjavík

2008



Forsíðumyndin er af rúst sem grafin var upp á svæði B á Naustum


Efni

Björgunaruppgröftur á Naustum, Akureyri.....	4
Aðdragandi	4
Aðferðir	5
Svæði A.	7
Lýsing.....	7
Hópur [1011]	11
Hópur [1013]	14
Hópur [1012]	15
Hópur [1015]	17
Svæði A. Niðurstöður og túlkun	22
Svæði B.	26
Hópur [1017]	28
Hópur [1018]	29
Veggjarbrot [294], [483], [525] og [572]	30
Skurðir [924] og [980].....	31
Stétt [592]	32
Svæði B. Niðurstöður	32
Heimildir.	33
Viðauki 1	34
The Spearhead from Naust, Akureyri	34
References	37
Viðauki 2	38
Fornleifarannsókn í landi Nausta, Akureyri. Gjóskulagagreining.	38
Helstu stoðrit	41

Björgunaruppgröftur á Naustum, Akureyri

Aðdragandi

Miklar framkvæmdir standa nú yfir í landi Nausta á Akureyri vegna íbúðarbyggðar sem þar er óðum að rísa. Í tengslum við hana er fyrirhuguð lagning vegar (Naustagötu) um heimatún jarðarinnar og var það ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins að grafa þyrfti könnunarskurði í og við vegstæðið með það fyrir augum að leita fornleifa sem þar kynnu að leynast. Það verk var unnið af Fornleifafræðistofunni undir stjórn Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings dagana 4.-14. september árið 2006.¹ Fornleifavernd ríkisins ákvað síðar að grafa þyrfti fleiri skurði á rannsóknarsvæðinu og sá Fornleifastofnun Íslands um það verk þann 26. apríl 2007.² Í ljósi niðurstaðna þessara tveggja forkannana var ráðist í að gera fullnaðaruppgröft á tveimur svæðum, hér nefnd svæði A og B, sem sýnd eru á meðfylgjandi korti hér að neðan. Verkefnisstjóri og verkstjóri á vettvangi var Howell Magnús Roberts, en einnig komu að verkinu Oddgeir Hansson sem jafnframt sá um úrvinnslu og skýrsluritun, Astrid Daxböck, Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir, Nikola Trbojevic, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Sólveig Guðmundóttir Beck, Uggi Ævarsson og Vala Garðarsdóttir. Fór rannsóknin fram á tímabilinu 14. maí-6. júlí 2007.



Mynd 1: Einfaldað yfirlitskort sem sýnir hluta hinnar fyrirhuguðu Naustagötu og staðsetningu uppgriftarsvæða A og B

¹ Bjarni F. Einarsson 2006. *Naust. Fjárhúsa- og hlöðutótt í landi Nausta IV og bæjarstæði í landi Nausta II, Akureyri. Skýrsla um fornleifarannsókn í september 2006. II skýrsla, án skráa.*



² Howell Magnús Roberts 2007. *An Archaeological Evaluation at Naust Akureyri, óúgefin greinargerð*

Í eftirfarandi skýrslu verður greint frá fyrstu niðurstöðum þessara rannsókna. Umfjöllun um svæði A verður þó talsvert viðameiri og ýtarlegri en sú um svæði B, þar sem úrvinnsla gagna frá því fyrrnefnda er talsvert lengra á veg komin en frá því síðarnefnda. Verður því látið nægja að sinni að veita stutt yfirlit yfir þær fornleifar sem grafnar voru upp svæði B. Í viðaukum aftan við skýrsluna verður svo greint frá niðurstöðum gjóskulagagreiningar á svæðinu sem og greiningu á spjótsoddi frá 10.-11.öld e.kr. sem fannst á svæði A.

Aðferðir

Notast var við skurðgröfu til að fjarlægja yfirborðsjarðveg en mannvistarlög síðan grafin með svokallaðri einingaaðferð (e. *Single context recording*). Hún felur í sér að hugsað er um hvert jarðlag, holu eða byggingarluta sem einstakan atburð í myndun þess minjasvæðis sem unnið er á. Er markmiðið að gera þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir aldursröð jarðlaga sem og það samhengi sem er á milli einstakra mannvirkja eða byggingarstiga. Hver eining (þ.e jarðlag eða mannvirki) er skráð, teiknuð, hæðarmæld og stundum ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp á Naustum á svæðum A og B. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar

Hópur 007



Mynd 2: Einfölduð mynd af rúst með jarðlögum undir og yfir henni. Í efra horninu vinstra megin er svo flæðirit sem sýnir samhengi á milli þeirra.

færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem sýnir uppröðun þeirra í tímaröð, sem og annað samhengi þeirra á milli.


Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, til dæmis þær sem taldar eru tilheyra ákveðinni byggingu, byggingarstigi eða tímabili, gjarnan settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar (sjá mynd 2 hér að framan). Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

Fornvistfræðilegar upplýsingar eru meðal þeirra gagna sem safnað er í fornleifauppgræftri. Efnasamsetning gólflaga, magn og tegundir skordýra- og plöntuleifa sem þar kunna að leynast o.fl. geta oft veitt mikilvægar upplýsingar um hlutverk mismunandi bygginga, og því er talsverðu magni jarðvegssýna gjarnan safnað við fornleifauppgröft. Magn jarðvegssýna sem tekið er úr hverju lagi getur verið mismunandi, allt eftir stærð þess og þykkt, og fær hvert sýni númer í hlaupandi númeraröð, með viðhangandi einingarnúmeri þess jarðlags sem það er tekið úr.

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur og hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi líkt og jarðvegssýnin. Ekki finnast allir gripir í samhengi, því að sumir koma fram við hreinsun á uppgrafter svæði. Þegar vitað er úr hvaða lögum gripirnir komu, eru eininganúmer hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.³

³ Gavin Lucas o.fl.2003 *Archaeological Field Manual. Fornleifastofnun Íslans.*

Svæði A.




Mynd 2: Yfirlitsteikning sem sýnir útlínur svæðis A og nútímaholur og skurði sem röskuðu því.

Lýsing

Svæði A var valinn staður þar sem sést höfðu þykkt mannvistarlög, sem samanstóðu nánast eingöngu af viðarkolum og gjalli á milli tveggja meintra torfveggja, í einum af könnunarskurðunum sem grafnir voru í september 2006 (á eða við meint bæjarstæði, nefndur Prufuhola 2⁴). Þótti það benda til þess að á þessu svæði kynni að vera að

⁴ Bjarni F. Einarsson 2006. *Naust. Fjárhúsa- og hlöðutótt í landi Nausta IV og bæjarstæði í landi Nausta II, Akureyri. Skýrsla um fornleifarannsókn í september 2006. II skýrsla, án skráa.*


finna mannvirki, þar sem farið hefði fram járnvinnsla af einhverju tagi⁵ Þegar uppgröftur hófst í maí 2007 var unnið út frá þessum skurði við vélgröft á yfirborðslögum og mannvistarlögum fylgt þar til þau tóku enda og við tók óhreyfður jarðvegur. Ákvörðuðust mörk svæðis A af umfangi mannvistarlaganna að norðan-, austan- og vestanverðu, en að sunnaverðu, af mörkum áhrifasvæðis hinar fyrirhugðu veglínu. Var heildarstærð svæðisins um 216 m². Syðri helmingur svæðisins var raskaður af nokkrum minjum frá 20. öld. Um 40 cm breiður skurður (eining [131]) fyrir gamla vatnspípu lá þvert yfir svæðið, í norðaustur frá suðvesturhorni þess, en auk þess mátti á sjá á þremur stöðum holur fylltar grjóti og jarðvegi (einingar [132], [275]. og [1010]). Benti járnvír sem stóð upp úr holu [132] og var vafinn utanum stein í botni hennar til þess að hlutverk þeirra hafi ef til vill verið að fergja stög þótt ekki sé ljóst hvað stögin hafa bundið niður. Hreinsun á svæðinu leiddi í ljós jarðlög sem voru talsvert blönduð og samsett úr torfi, viðarkolum og gjalli, sem eins og áður hefur verið minnst á, þótti benda til þess að járnvinnsla af einhverju tagi hafi farið fram á svæðinu. Sunnan könnunarskurðarins frá 2006 var eins og mannvistarlögin mynduðu dálitla hólbungu. Fljótlega komu í ljós þrjár nokkurn veginn ferhyrndar gryfjur (einingar [121], [123] og [141]) sem grafnar voru í gegnum eldri mannvistarlög sem voru samsett úr misleitum torflögum og mynduðu þessi eldri lög hólbunguna. Gryfjurnar virtust nokkuð áþekkar að gerð og frá svipuðum tíma. Voru þær og mannvistarlög sem tengdust þeim flokkaðar saman í hóp, eða



Mynd 3: Teikning sem sýnir gryfjur [121], [123] og [141], ásamt nýlegum holum [131], [132], [275] og [1010].

⁵ Bjarni F. Einarsson 2006. *Naust. Fjárhúsa- og hlöðutótt í landi Nausta IV og bæjarstæði í landi Nausta II, Akureyri. Skýrsla um fornleifarannsókn í september 2006. II skýrsla, án skráa.* bls. 12.

hóp [1011] og voru þessar minjar yngstu fornleifarnar á svæði A. Tvær af gryfjunum, sem tilheyra hópi [1011] (einingar [123] og [141]), voru skornar af lagnaskurði [131] og mátti sjá þykk viðarkola- og gjalllög neðarlega í sniðum hans og virtust þau einnig




Mynd 4: Einfölduð teikning af hópi [1013] þar sem eru sýnd þau lög sem hefðu e.t.v. getað verið hluti af hleðslum, ásamt nýlegum holum [131], [132], [275] og [1010].

vera í botni gryfjanna og þar af leiðandi eldri en gryfjurnar og lögin sem þær voru grafnar í gegnum.

Gryfjurnar í hópi [1011] voru grafnar í gegnum syrpu af jarðlögum með miklu torfi í (hópur [1013]). Vegna þess rasks sem gryfjurnar í hópi [1011] og holurnar nýlegu ([131] [132]. og [1010]) höfðu valdið á

þessum mannvistarlögum, var erfitt að sjá nokkurt byggingarlag á þeim. Þó var talið mögulegt að sum þessara torflaga hafi verið hluti af útflöttum eða hrundum hleðslum.

Þegar torflögin sem tilheyrðu hópi [1013] höfðu verið fjarlægð kom í ljós eldri ferhyrnd



Mynd 5: Hópur [1012]. Holur [168], [178] og vegggleðsla [173] ásamt nútímaholum [131] og [1010]

hola [eining 178], fyllt viðar- og móösku. Hún sneri

norður-suður, og var

torf- og grjóttveggur meðfram vesturbarmi hennar. Var hún grafin í gegnum gjall og viðarkolalögin sem sést höfðu í botni gryfjanna í

hópi [1011] og því greinilega yngri en þau.

Tengd holu [178] að austanverðu var önnur hola (eining [168]), minni og grynri, með stefnuna austur-vestur og virðist sem þessar tvær holur hafi verið frá svipuðum tíma og voru þær því settar í sama minjahóp, eða hóp [1012].


Uppruni gjallsins og viðarkolanna á svæðinu var ekki ljós í upphafi þar sem ekki sáust greinileg merki um smiðju eða rauðablástursofna en þegar frá leið kom þó í ljós lítil bygging, norðan við könnunarskurðinn frá 2006. Í henni miðri var eldstæði og hún var nokkru eldri en áður nefndar gryfjur sem tilheyra hópum [1011] og [1012]. Þykk viðarkola- og gjalllög lágu upp að veggjum hennar, sem á daginn kom, að tengdust jarðlögum sem sést höfðu í botni gryfjanna í hópi [1011] og gryfjurnar í hópi [1012]



Mynd 6: Horft til suðvesturs yfir svæði A. Uppgröftur á byggingunni (fyrir miðri mynd), sem tilheyrir hópi [1015], langt á veg kominn. Sunnan og austan við bygginguna má enn sjá gjall- og viðarkolalög leggjast upp að henni.

voru grafnar í gegnum. Þessi bygging og mannvistarlög henni tengd eru elstu minjarnar á svæði A og falla þær í hóp [1015].

Í eftirfarandi umfjöllun verður fjallað um uppgröft á þeim minjum sem taldar hafa verið upp hér að framan. Verður fjallað um minjarnar í tímaröð, þ.e yngstu minjarnar (hóp [1011]) fyrst og þær elstu (hóp [1015]) síðast..



Mynd 7. Flæðirit sem sýnir hvernig minjahópar raðast í tímaröð.

Hópur [1011]



Mynd 8: Hoft í austur yfir gryfjurnar í hópi [1011]

undirhópa, [124], [130] og [142].

Hópur [124]

Hópur [124] samanstendur af gryfju [123] og mannvistarlögum sem í henni voru (einingar [111], [115], [116] og [118]). Gryfja [123] var um 3 x 2 m að stærð, um 30 cm að dýpt, og sneri austur-vestur. Gryfjan var nokkuð regluleg að lögum en halli á

brúnum hennar var þó misjafn. Halli á suður- og austurbrún hennar var á bilinu 70°-90°, norðurbrún um 30°, en efsti hluti vesturbrúnarinnar virðist aftur á móti hafa sigið inn yfir fyllinguna í gryfjunni.

Jarðlög [111], [115] og [116] sem lágu í gryfjunni voru öll samsett úr mislitu torfi og mold auk þess sem hér og þar mátti sjá viðarkolamola á stangli. Jarðlag [118] sem var á botni gryfju [123] var einnig gert úr torfi og mold, en auk þess



Mynd 9. Horft til vesturs yfir gryfju 123 (er fyrir miðri mynd).

virtist það mikið blandað gráleitu, lífrænu efni og er hugsanlegt að þar sé um að ræða heyleifar. Gætu heyleifarnar bent til þess að gryfja [123] hafi verið notuð sem heystæði. Ekkert sást í gryfju [123] sem gat gefið vísbendingar um aldur hennar og ekki sáust gjóskulög sem augljóslega lágu yfir henni og gætu gefið vísbendingu um það fyrir hvaða tíma gryfjan var grafin. Hún var þó greinilega grafin í gegnum torflög sem innihéldu linsur af gráleitri gjósku sem talin er upprunnin úr gosi í Veiðivötnum, um 950 e.Kr. og hefur verið nefnd V~950. Því er ljóst að gryfjan hefur a.m.k. verið grafin einhvern tíma eftir 950 e.Kr. Loks mátti sjá að vesturhlið hennar skarst inn í austurhlið gryfju [141] að nokkru, og því var gryfja [123] ljóslega yngri en gryfja [141].

Hópur [130]

Hópur [130] samanstóð af gryfju [121] og mannvistarlögum sem í henni voru (einingar [113], [114], og [117]). Gryfja [121] var um 2,4 x 1 m að stærð, um 25 cm að dýpt og sneri nokkurn veginn austur og vestur. Gryfjan var nokkuð regluleg að lögun. Vestur- og norðurbrún hennar voru nokkuð brattar, eða um 70°-90°, en austurbrún hennar var meira aflíðandi, líklega um 40°-50°.



Mynd 10: Horft til suðurs yfir gryfju [123].

Jarðlög [113] og [114], sem lágu í gryfjunni, voru svipuð að gerð og efstu þrjú lögin í gryfju [123] (einingar [111], [115], [116]), þ.e. blanda úr torfi og mold, en þó var í þeim talsvert meira af viðarkolum. Jarðlag [117] sem var neðst í gryfju [121] var svipað og jarðlag [118] í botni gryfju [123]. Var það blanda úr torfi og mold, en einnig blandað gráleitu lífrænu

efni sem, eins og komið hefur fram var talið geta verið heyleifar. Sá munur var þó á að torfið í jarðlagi [117] innihélt linsur af V~950 gjóskunni sem áður er getið. Þessi sama gjóska sást einnig í þeim jarðlögum sem gryfjan var grafin í gegnum og því er ljóst að gryfjan hefur verið grafin einhvern tíma eftir 950 e.Kr. Um gryfju [121] er það sama að segja og gryfju [123], henni tengjast ekki yngri gjóskulög sem gætu gefið vísbendingu um fyrir hvaða tíma hún var grafin. Innbyrðis aldur gryfjunnar [130] annars vegar og [141] og [123] verður heldur ekki ráðinn, þar eð engin tengsl mátti sjá milli þeirra sem gætu skorið úr um það.

Hópur [142] samanstendur af gryfju [141] og mannvistarlögum sem í henni voru (einingar: [134], [136], [137] og [140]). Gryfja [141] var mest um 4 x 2,5 m að stærð, um 0,2- 0,4 cm að dýpt, og sneri norður og suður. Gryfjan var nokkuð regluleg að lögun og voru hliðar hennar yfirleitt brattar, eða með 80°-90° halla.

Jarðlögin í gryfju [141] voru aðallega blanda af mold og torfi, en þau voru þó einnig blönduð öðru efni sem aðgreindi þau hvert frá öðru, auk þess sem torfið var mislitt. Torfið í efsta laginu var yfirleitt rauðbrúnt að lit (eining [110]) en það var einnig blandað linsum af móösku, auk þess sem hér og þar mátti greina viðarkolaflísar og smásteina. Næsta lag þar fyrir neðan (eining [134]) var gulbrúnt að

lit með linsum úr viðarkoli. Undir jarðlagi [134] var rauðbrúnt moldarlag (eining [136]) með miklu af gráleitu lífrænu efni, líku því sem sást í gryfjum [124] og [130], og var talið líklegt að það væri heyleifar. Lag [137] sem var undir lagi [136] var grá- og gulbrúnt að lit og mátti hér og þar sjá bletti af viðarkolum. Torfið í laginu innihélt linsur af



Mynd 11: Horft til norðurs yfir gryfju 141.

V~950 gjóskunni sem einnig hafði sést í gryfju [121]. Neðsta lagið í gryfju [141] var gulbrúnt og grænleitt að lit, og alveg laust við viðarkol. Innihélt torfið í laginu linsur af grænleitri og gulhvíttri, lagskiptri gjósku og reyndist það vera Landnámslagið svokallaða sem ættað er úr Veiðivatnaeldstöðinni og talið hafa fallið um 870 e.Kr. Eins er um gryfju [141] og gryfjur [121] og [123] að hún var grafin í gegnum lög sem innihéldu V~950 gjóskuna og því var hún greinilega grafin einhvern tíma eftir 950 e.Kr. Ekki var samt hægt að segja til um það fyrir hvaða tíma gryfjan var grafin þar sem engin gjóskulög lágu augljóslega yfir henni.

Hópur [1013]

Hópur [1013] samanstendur eins og fram hefur komið af nokkrum jarðlögum með miklu torfi í, og voru gryfjurnar í hópi [1011] grafnar í gegnum þau. Alls voru það 10 jarðlög, (einingar [112], [127], [145], [149], [151], [153], [156], [159], [160] og [163]). Þessi mannvistarlög voru mikið röskuð af yngri minjum, þ.e gryfjunum í hópi [1011], lagnaskurði [131] og holu [132], og var af þeim sökum erfitt að átta sig á því hvort þarna voru í raun byggingarleifar. Fimm af þessum mannvistarlögum (einingar [127], [156], [112], [160] og [163]) voru mikið blönduð og voru þau gerð úr fokmold, torfflyksum og viðarkolum. Hin fimm mannvistarlögin (einingar [145], [149], [151], [159] og [153]) voru úr nokkuð hreinu torfi. Þau voru á bilinu 10-40 cm þykk og gætu hafa verið leifar af útflöttum eða hrundum hleðslum.



Mynd 12: Horft vestur yfir hluta torflaganna í hópi [1013 og sést vel hversu illa röskuð þau voru af gryfjunum í hópi [1011] og lagnaskurði [131]

mátti svo sjá slitrur af ljósri gjósku úr Heklu sem talin er hafa fallið um 1104 e.Kr. og lá hún greinilega ofar í jarðlaga staflanum en torflögin. Af þessu er ljóst að torflögin hafa orðið til einhvern tíma eftir 950 e.Kr. en fyrir 1104 e.Kr.

Hópur [1012]



Mynd 13: Hópur [1012] áður en veggheðsla [173] og fylling úr holu [178] höfðu verið fjarlægðar. Horft til norðurs.

liggja ofan á V~950 gjóskulaginu og voru því yngri en það. Verður ekki farið nær um aldur holanna.

Áður nefnt rask sem orðið hafði á þeim var þó of mikið til þess að um það yrði fullryt.

Torflögin innihéldu öll, eins og komið hefur fram, linsur af gjósku frá Veiðivatnaeldstöðinni sem talin er hafa fallið um 950 e.Kr, en í þremur þeirra (einingum [145],[159] og [153]) sáust auk þess slitrur af Landnámslaginu svokallaða frá því um 870 e.Kr.

Í sniðum á uppgraftarsvæðinu


Hópur [1012] samanstóð af holum [168], [178] og þeim jarðlögum sem fylltu þær. Hvor hola og mannvistarlögin í henni mynda svo sérstakan hóp og má því skipta hópi [1012] í tvo undirhópa, [1009], [187]. Ljóst var að holur [168] og [178] voru eldri en torflögin í hópi [1013] en vitað var að þau voru frá því bilinu frá 950-1104 e.Kr. Holurnar voru grafnar í gegnum þykk gjalllög sem reyndust

Hópur [1009]

Til hóps [1009] teljast hola [168] og fyllingin í henni [167]. Hola [168] var um 1,6 x 1 m að stærð, um 0,2 m að dýpt vestast en talsvert grynri að austanverðu, og sneri hún austur og vestur. Fyllingin, eining [167], var mold sem var mikið blönduð viðarkolum. Ekki var nein augljós vísbending um það til hvers holan hefði verið. Hola [168] tengdist þó greinilega holu [178] (sjá mynd 5 hér að framan) og því líklegt að hlutverk þeirra hafi verið samtvinnuð.

Hópur [187]

Hópur [187] samanstóð af holu [178], veggjarbroti úr torfi og grjóti (eining [173]) sem lá meðfram vesturbakka hennar, fyllingu sem í henni var (einingar [177], [188], [195], og [211]) og stoðarholum (einingar [197], [238], [240], [243], og [245],) og stoðasteinum (einingar [241] og [246]) sem fundust í botni hennar. Hola [178] var um 3,2 x 0,95 m að stærð, um 0,5 m á dýpt og sneri norður og suður. Fylling holu [178] var talsvert ólík þeim jarðlögum, sem sáust yfirleitt á svæðinu, að því leyti, að jarðlögin sem mynduðu hana innihéldu talsvert af mó- og viðarösku, með smágerðum viðarkolum, sem ekki hafði sést svo heitið gæti annarsstaðar á svæðinu og virtist askan jafnframt blönduð lífrænu efni.



Mynd 14: Horft til suðurs yfir holu [178] að loknum uppgreftri á henni.

Ekki sáust ummerki um bruna í holunni svo greinilegt er að askan sem myndaði fyllinguna hefur verið sett í holuna í einhverjum tilgangi. Efsti hluti fyllingarinnar (eining [177]) var einnig nokkuð blandaður torfi, en hugsast getur að það hafi hrunið úr torf vegg [173] sem lá meðfram vesturbarmi holu [178]. Torfveggur [173] var um 2,3 m á lengd, um 0,3-0,4 m á breidd og um 0,2-0,3 m á hæð. Virðist sem veggurinn hafi haft það hlutverk að styðja við og veita skjól við vesturbarm holu [178]. Veggurinn var þannig gerður að streng hafði verið hlaðið meðfram vesturbakka holunnar, en síðan settir steinar meðfram honum að vestanverðu. Fimm stoðarholur og tveir stoðarsteinar komu í ljós í botni holu [178] eftir að fylling í henni hafði verið

fjarlægð. Stoðarholurnar og -steinarnir voru meðfram hliðum holunnar og gæti það bent til þess að tjaldað hafi verið yfir hana.

Hópur [1015]



Mynd 15: Horft til suðausturs yfir byggingarleifarnar á svæði A undir lok uppgrftar.

Elstu minjarnar á svæði A eru í hópi [1015]. Innan hans eru leifar byggingar sem fannst nyrst á svæðinu og mannvistarlaga sem tengdust eða voru samtíða henni. Skiptist hópur [1015] í grófum dráttum í fjóra undirhópa, þ.e hóp [437] sem nær yfir bygginguna sjálfa, hópa [438] og [454] sem ná yfir stoðarholur utan við bygginguna sem þó voru greinilega samtíða henni og hóp[1014] sem nær yfir

mannvistarlög sem lágu upp að byggingunni og tengdust notkun hennar eða voru samtíða henni. Í ljós kom að bygging þessi hvílir beint á gjósku úr Veiðivatnaeldstöðinni sem talin er hafa fallið í kringum 950 e.Kr. og hefur verið nefnd V~950, og áður verið minnst á. Sem fyrr segir leiddi athugun á sniðum í jaðri uppgraftarsvæðisins í ljós að þar mátti finna gjósku úr Heklu sem talin er hafa fallið í kringum 1104 e.kr. (H~1104), sem lá greinilega ofar í jarðlagastaflanum en þessar minjar og því ljóst að þær hafa orðið til einhvern tíma á tímabilinu 950-1104 e.Kr. Gjóskulagafræðingur komst svo að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa tekið meðal jarðvegsþykknun á svæðinu með í reikninginn, að þessar minjar væru frá tímabilinu 950-1050 e.Kr.⁶

⁶ Sjá í viðauka 2 .Magnús Á Sigurgeirsson 2007. *Fornleifarannsókn á Nausta, Akureyri. Gjóskulagagreining.*

Hópur [1014]

Hópur [1014] inniheldur syrpu

39 jarðlaga sem lágu upp að byggingarleifum sem tilheyra hópi [437] sem fjallað verður um síðar. Næst byggingunni, vestan, austan og norðan við hana, voru jarðlögin að mestu úr torfi og mold. Er talið líklegt að um sé að ræða hrun úr byggingunni,

Innan byggingarinnar og sunnan hennar voru hins vegar umfangsmikil kolsvört jarðlög, sum talsvert þykk, sem

samanstöðu nær eingöngu af viðarkolum og gjalli sem oft á tíðum var fremur grófgert, eða allt upp í 20 cm í þvermál.

Náðu þessi lög yfir stóran hluta svæðis A suður af byggingunni. Greinilegt var að gjallið og viðarkolin voru komin úr henni, og virðist sem reglulega hafi verið hreinsað út úr henni. Gjallið hefur ljóslega fallið til við járnvinnslu af einhverju tagi. Sýni voru tekin úr þessum lögum en greining á þeim hefur þó ekki farið fram. Því liggur ekki enn fyrir hvers eðlis gjallið er, þ.e hvort það hefur orðið til við rauðablástur, hreinsun á járni eða smíðar.


Hópur [437]

Sem fyrr segir var bygging sem fannst nyrst á svæði A, eða þeir hlutar hennar sem enn virtust vera á sínum stað, flokkaðir sem hópur [437]. Skiptist hann í þrjá undirhópa sem náðu yfir einstaka hluta byggingarinnar. Þeir eru hópur [1016] sem náði yfir vegg eða vegghluta byggingarinnar, hópur [436] sem náði yfir stoðarholur sem fundust í henni og fyllingar í þeim, og hópur [1008] sem náði yfir eldstæði í byggingunni miðri og fjórar aðrar holur innan byggingarinnar sem virtust tengjast því.



Mynd 16: Horft til norðurs yfir svæði A. Í forgrunni má sjá hluta af gjall- og viðakolalögum í hópi [1014].

Hópur [1016] og [436]. Veggir og stoðarholur.



Mynd 17: Einfölduð teikning af byggingunni sem hópur [437] nær yfir ásamt stoðarholum innan og utan hennar. Á henni sést hvernig hleðslur, vestur og norðurveggjar hafa gengið til og lagst yfir skurð[455]. Hleðslur austur- og suðurveggjar voru hins vegar heillegri.

Byggingin virðist hafa verið um 9 x 6 m að stærð, og snúið norður-suður og virðast dyr hafa verið á suðurgafli. Byggingin virðist hafa verið fremur einföld að gerð og virðast veggir hennar að mestu hafa verið gerðir úr uppmokstri, þótt á örfáum stöðum mætti þó einnig sjá þunnar strengjarhleðslur. Austur- og suðurveggir voru hvað heillegastir og mátti þar sjá þunnar hleðslur úr streng en vestur- og norðurveggur voru mjög illa farnir. Voru þeir nánast gjörsamlega útlattir og virðast einnig hafa

gengið talsvert til og sprungið vegna frosthreyfinga í jarðveginum. Var það í raun ekki fyrr en við úrvinnslu gagna úr uppgreftinum, þar sem raðað var saman teikningum af jarðlögum, sem einhver mynd fór að koma á vestur- og norðurveggina. Efni í veggina virðist upphaflega hafa verið tekið úr um 1,3 m breiðum og um 20 cm djúpum skurði (eining [455]) sem lá meðfram byggingunni.

Virðist sem mannvirkinu hafi fyrst og fremst verið ætlað að veita tímabundið skjól á meðan einhver starfsemi fór þar fram og því hefur ekki verið vandað betur til verks við byggingu þess. Er jafnvel ekki ólíklegt að einungis hafi verið tjaldað yfir það. Engin torflög fundust innan þessa mannvirkis sem túlka mætti sem hrun úr þekju, auk þess sem greinilegt var að margoft hefur verið bætt í veggina á meðan á notkun þess stóð. Eru greinileg hrunlög úr þeim í bland við viðatkola- og gjalllögin til marks um það síðarnefnda og eru torflögin, sem lýst var með hópi [1014] hér að framan, dæmi um það. Þessar síendurteknu lagfæringar á byggingunni á meðan á notkun hennar stóð gera það að verkum að þau jarðlög sem mynduðu veggina hennar ærið mörg eða 26 og eru þá ekki talin hrunlögin sem sett voru í hóp [1014]. Alls fundust 46 stoðarholur í byggingunni og voru þær ýmist í veggjunum sjálfum, eða meðfram þeim að innanverðu. Var einnig greinilegt að þær höfðu líkt og veggirnir, verið endurnýjaðar nokkrum sinnum þar sem einhverjar voru huldar torflögum sem bætt hefur verið í veggina auk þess sem nokkuð var um að yngri holur skæru eldri holur.

Hópur [1008]. Eldstæði og holur því tengdar.

Eldstæði með grjóthleðslum (einingar [181] og [189]) kom í ljós í miðri byggingunni og var það um 1,5 x 1 m að stærð. Eldstæðið, sem var fullt af viðarkolum (eining [166]), var niðurgrafið og reyndist dýpt holunnar (eining [189]), eftir að hleðslurnar (eining [181]) höfðu verið fjarlægðar úr því, vera mest um 0,4 m.



Mynd 18. Horft til suðurs yfir eldstæði [181]/[189].

Grjóthleðslurnar í eldstæðinu

voru fremur lítilfjörlegar og er ekki loku fyrir það skotið að steinar hafi verið fjarlægðir úr því eftir að notkun byggingarinnar lauk. Austan og vestan við eldstæðið voru tvær grunnar holur, ein rétt norðan við það og ein við suðvesturhorn þess. Virtust þessar holur tengjast eldstæðinu á einhvern hátt, sökum nálægðar við það og því voru þær flokkaðar í sama hóp. Var sú vestan við eldstæðið (eining [180]) fremur óregluleg að lögun, um 1,6 x 1 m að stærð, og um 0,3 m að dýpt, og sneri norður-suður. Hún var full af viðarkolum og fannst einn stór gjallmoli í fyllingunni. Holan austan við eldstæðið (eining [203]) var nokkuð reglulegri að lögun en hola [180]. Var hún um 1,2 x 0,5 m að stærð og mest um 0,1 m að dýpt, fyllt grábrúnum, sandkenndum jarðvegi, blönduðum viðarkolum. Holan við suðvesturhorn eldstæðisins (eining [207]), var hálfhringur í lögun, um 0,5 m í þvermál, um 0,1 m á dýpt og í henni var sama fylling (eining [166]) og í eldstæðinu.

Holan norðan við eldstæðið (eining [227]) var nokkurn veginn kringlótt, með smá-útskoti að austanverðu, þar sem fannst lítil stoðarhola (eining [229]). Aðalholan, þ.e hola [227] var um 0,5 m í þvermál en útskotið á henni austanverðri með stoðarholu [229] var um 0,3 m í þvermál, en stoðarholan sjálf um 0,2 m. Dýpt holu [227] var um 0,1 m en stoðarhola [229] var um 0,15 m á dýpt. Voru þessar holur fylltar þykkum viðarkola- og gjalllögum sem lágu yfir mestan hluta rústarinnar að innanverðu og tilheyra hópi [1014] (sjá hér að framan).

Hópar [438] og [454]

Talsvert fannst af stoðarholum utan við bygginguna sem flokkuð er sem hópur [437] og virtust þær vera frá svipuðum tíma og hún. . Fjórtán stoðarholur sem dreifðust tilviljanakennt um svæðið suður af byggingunni voru flokkaðar sem hópur [438] , en fjórar holur vestur af suðvesturhorni hennar (sjá mynd 17 hér að ofan) voru taldar hópur [454]. Ekki er þó ljóst hvaða hlutverki þessar stoðarholur hafa þjónað.

Svæði A. Niðurstöður og túlkun

Greinilegt er að járnvinnsla hafa verið stunduð á svæðinu á tímabilinu frá því rétt eftir 950 e.Kr. fram á miðja 11. öld., en um það vitna hin miklu kola- og gjalllög sem lágu yfir stórum hluta þess (hópur[1015]). Leifar eldstæðis fundust í byggingunni sem þar var, ásamt nokkrum holum til óþekktra nota sem tengdust því. Ekki er að svo stöddu hægt að segja til um það með vissu hvers eðlis járnvinnslan var, þ.e hvort þarna hafi farið fram rauðablástur, hreinsun á járni eða járnsmíði.



Mynd 19. Einfölduð mynd af hópi [1015] sem sýnir bygginguna og dreifingu viðarkola- og gjalllaganna út frá henni að sunnanverðu.

Lítið fannst auk þess af gripum í þeim mannvistarlögum sem tilheyra þessu elsta skeiði mannvistar á svæðinu sem skorið gætu úr um þetta, eða 1 spjótsoddur af kastspjóti sem aldursgreint hefur verið til síðari hluta 10. aldar e.Kr. eða upphafs 11. aldar⁷, 3 járnaglar og 1 brýni. Byggingin virðist ekki hafa verið í stöðugri notkun heldur virðist sem henni hafi fyrst og fremst verið ætlað að veita tímabundið skjól á meðan einhver starfsemi fór þar fram og er jafnframt líklegt að einungis hafi verið tjaldað yfir hana. Sést það á því að ekki fundust torflög innan hennar sem túlka mætti sem hrun úr þekju, þrátt fyrir að þar hafi fundist talsvert af stoðarholum. Einnig var greinilegt að ekki hefur verið vandað sérstaklega til verks þegar veggir voru reistir þar sem þeir samanstóðu einkum af uppmokstri, þótt vissulega hafi sést leifar af strengjahleðslum á stöku stað. Er ekki ólíklegt að lappað hafi verið upp á veggina og tjaldað yfir, í hvert sinn sem þörf skapaðist fyrir þá járnvinnslu sem þarna fór fram, en byggingin látin umhirðulaus þess á milli og sést það á því hvernig skiptust á hrunlög úr veggjum og gjall og viðarkolalög sem féllu til við járnvinnsluna. Stoðarholur virðast einnig hafa verið endurnýjaðar alloft og voru margar hverjar huldar torflögum sem bætt hafði verið í veggina, auk þess sem eitthvað var um að yngri holur skæru eldri holur. Það gjall sem fellur til við mismunandi stig járnvinnslu er mismunandi að gerð og er vonast til að greining á sýnum sem tekin voru úr viðarkola- og gjalllögnum geti varpað ljósi á eðli járnvinnslunnar. Sú greining hefur þó ekki farið fram enn sem komið er.

Holur [168] og [178] (hópur [1012]) virðast hafa verið grafnar einhvern tíma fyrir 1104 e.Kr., annað hvort eftir að járnvinnslutímabilinu lauk í kringum 1050 e.Kr., eða undir lok þess, þar sem þær eru grafnar í gegnum yngstu viðarkola- og gjalllögin. Ekki er þó ljóst að svo stöddu til hvers holunnar hafa verið, en greinilegt var þó að þær tengdust. Hola [178] var nokkuð óvenjuleg miðað við aðrar mannvistarleifar á svæðinu að því leyti að fylling hennar samanstóð mikið til af viðar- og móösku sem ekki var að sjá að neinu marki annarsstaðar á svæðinu. Stoðarholur og stoðasteinar fundust í holunni, en stærð þeirra gaf þó til kynna að stoðirnar sem í þeim voru hafi ekki verið nægilega veglegar til að bera uppi þunga þekju úr torfi og því líklegra að tjaldað hafi verið yfir holuna. Ein tilgáta sem komið hefur fram varðandi hlutverk holunnar er að hún hafi verið notuð sem kamar þar sem askan sem í henni sat virtist blönduð lífrænum leifum og mögulegt að öskunni hafi verið ætlað að þurrka

⁷ Sjá viðauka 1. Astrid Daxböck 2007. *The spearhead from Naust Akureyri*.

úrganginn og fela lykt. Hola [168], sem tengdist holu [178] að austanverðu, var dýpst vestast en grynntist eftir því sem austar dró, og er mögulegt að gengið hafi verið um hana þegar “kamarinn” var notaður. Ekki er þó hægt að segja til um þetta að svo stöddu en þó er vonast til að greining á sýnum sem tekin voru úr fyllingu holu [178] geti varpað einhverju ljósi á notkun hennar.

Yfir holunum í hópi [1012] og gjalllögnum sem tengdust byggingunni (hópur [1015]) voru nokkur torflög (hópur [1013] sem öll innihéldu gjósku, upprunna úr Veiðivatnaeldstöðinni, sem talin er hafa fallið um 950 e.Kr. (V~950) og því hægt að segja með vissu að þau hafi orðið til eftir þann tíma. Í þessum lögum mátti einnig greina slitrur af Landnámslaginu, svokallaða úr sömu eldstöð, frá því um 870 e.Kr. sem bendir til þess að þau hafi ekki verið mikið yngri en elstu mannvistarlögin sem talin eru hafa orðið til á tímabilinu frá því eftir 950 e.Kr. -1050 e.kr. Lítið sem ekkert af áfokslögum hafði hlaðist upp á milli torfsins og hinna eldri mannvistarlaga, og þótti það einnig benda í sömu átt. Einnig mátti sjá að Heklugjóska frá því um 1104 e.Kr. (H~1104) virtist liggja örlítið hærra en umrædd torflög. Því má segja með nokkurri vissu að torflögin hafi komið til á tímabilinu 1050 e.kr.-1104 e.kr. Torflögin í hópi [1013] voru það röskuð af yngri minjum að ómögulegt var að sjá hvort þau voru hlutar af byggingu. Ekki er þó hægt að útiloka það, enda voru sum þeirra nokkuð þykk og gætu hafa verið hrundar eða útflattar hleðslur. Verður ekki farið nær um eðli torflaganna

Yngstu minjarnar á svæði A voru svo gryfjur [121], [123] og [141] (hópur [1011]) sem skornar voru í gegnum torflögin í hópi [1013]. Er talið mögulegt að þær hafi verið notaðar sem heystæði, en á eða við botn tveggja þeirra fundust heyleifar. Voru gryfjurnar að öðru leyti fylltar fremur torfkenndum jarðvegi, og gæti hann verið leifar torfs sem notað hefur verið til að fergja heyið og hlaðist upp smátt og smátt. Um aldur gryfjanna er fátt hægt að segja annað en að þær hafi verið grafnar einhvern tíma eftir 1050 e.Kr. þar sem þær skáru torflögin í hópi [1013] sem talin eru hafa orðið til á tímabilinu 1050 e.Kr.-1104 e.Kr. Verður ekki farið nær um aldur gryfjanna þar sem engin gjóskulög lágu yfir þeim.


Þótt byggingin í hópi [1015] hafi ekki verið í stöðugri notkun, má samt sem áður draga þá ályktun, af því sem hér hefur komið fram, að mannvist á svæði A hafi verið nokkuð samfelld frá seinni hluta 10. aldar fram undir lok þeirrar 11. (Hópar [1015], [1012] og [1013]). Hvenær gryfjurnar, eða heystæðin í hópi [1011] voru síðan grafnar

eða hvenær þær fóru úr notkun er hins vega erfitt að segja til um þar sem yfir þeim sást ekki gjóskulög sem varpað gætu ljósi á það. Því er ekki hægt að segja til um það hvenær mannvist lauk á svæði A.



Svæði B.

Svæði B var afmarkað þar sem sést höfðu mannvistarleifar í könnunarskurðum árið 2006 (Prufuholur 4, 11 og 12 ⁸). Niðurstöður frá athugunum 2006 bentu til að þarna væru ef til vill vegghleðslur úr torfi. Uppgröftur 2007 leiddi þó í ljós að það sem sést hafði í skurðum voru einungis hrunlög úr veggjum þar nærri. Stærð svæðisins var fyrst í stað látin ráðast af mörkum áhrifasvæðis framkvæmda við hina fyrirhuguðu Naustagötu. Svæðið var síðan stækkað og látið ná um 3 m suður fyrir framkvæmdasvæðið samkvæmt fyrirmælum minjavarðar Norðurlands eystra svo að




Mynd 20: Yfirlitsteikning sem sýnir útlínur svæðis B ásamt könnunarskurðum frá 2006.

hægt væri að fá gleggri mynd af þeim minjum sem þar fundust. Varð stærð svæðisins að lokum um 425, 4 m² alls og náði það út fyrir mannvistarlög að norðan- austan- og vestanverðu, en að sunnan var greinilegt að mannvistarlög náðu eitthvað lengra en rannsóknarsvæðið.

Hér á eftir verður fjallað um þau mannvirki sem grafin voru upp á svæði B. Á þessu stigi er einungis hægt lýsa mannvirkjunum, sem voru mikið röskuð, stuttlega

⁸ Bjarni F. Einarsson 2006. *Naust. Fjárhúsa- og hlöðutótt í landi Nausta IV og bæjarstæði í landi Nausta II, Akureyri. Skýrsla um fornleifarannsókn í september 2006. II skýrsla, án skráa.*


en nánari lýsing verður að bíða frekari úrvinnslu. Þessar minjar voru leifar tveggja bygginga (hópar 1017 og 1018), stétt (eining [592]), fjögur mikið röskuð stök



Mynd 21: Yfirlitsteikning sem sýnir mannvirki sem grafin voru upp á svæði B.

torfveggjabrot (einingar [294] [483], [572] og [600]) og tveir frárennisskurðir, annar fylltur grjóti, sem virtust tengjast (einingar [924] og [980]). Auk þessara leifa fundust holur af ýmsum stærðum á víð og dreif um svæðið, en þeim verða gerð skil þegar lokið er frekari úrvinnslu sem fram á uppgraftargögnum frá svæði B.

Hópur [1017]



Hópur [1017] er leifar byggingar, sem fannst vestast á svæði B, ásamt mannvistarlögum sem tengdust henni eða voru talin vera frá sama mannvistarskeiði. Byggingin var mikið röskuð að austanverðu af yngra mannvirki (hópi [1018]) og má í raun segja að austurhelminginn hafi að mestu vantað að á hana. Þær veggjarleifar sem enn sáust, þ.e hlutar norður-, suður- og austurveggjar, voru eingöngu úr torfi og virðist sem dyr hafi verið á austurvegg. Í byggingunni fannst þó talsverður fjöldi af holum bæði eftir stoðir og mjórri viði og náðu þær yfir svæði sem var lengra en það sem markaðist af varðveittum veggjarleifum. Því mátti styðjast við holurnar til þess að áætla stærð byggingarinnar og virðist hún hafa verið um 9 x 6 m að utanmáli. Nokkuð ljóst er hverjar af stoðarholunum tilheyra sjálfu burðarvirki byggingarinnar

(sjá mynd 22 hér að ofan), en að svo stöddu verður ekki sagt um til hvers aðrar stoðarholur, smáar og stórar, hafa verið.

Lítið sporöskjulaga eldstæði, um 1,5 x 1 m að stærð, fannst í suðvesturhorni byggingarinnar. Ekkert grjót var í eldstæðinu. Það var fremur einfalt að gerð, þ.e. hola um 0,4 m að dýpt, fyllt viðar- og móösku sem var mikið blönduð viðarkolum og




Mynd 23: Byggingin í hópi [1017] eftir að mannvistarlög höfðu verið fjarlæg innan úr henni. Horft til suðurs.

brenndum beinum. Einföld grjóthleðsla fannst í miðri byggingunni og hvíldi hún í dálítilli dæld en ekki er ljóst hvort hún var frekar leifar af stétt eða drenlögn. Góflög í byggingunni voru yfirleitt lífræn, oft með blettum af heyleifum, en lítið var hinsvegar um mó- eða viðarösku, sem gjarnan einkennir góflög í íveruhúsum manna. Bendir það til þess að byggingin hafi verið útihús af einhverju tagi.

Hópur [1018]

Hópur [1018] er leifar byggingar sem fannst á miðju svæði B og mannvistarlög sem tengjast henni. Þessi bygging var greinilega yngri en byggingin í hópi [1017] þar sem hún lá yfir hinni síðarnefndu og skar hana að austanverðu. Byggingin í hópi [1018] var mikið röskuð. Það sem eftir var af henni voru þrjú veggjarbrot, þ.e. norðausturhorn, hluti vesturveggjar og hluti suðurveggjar, auk fjölda stoðarhola og stoðarsteina (sjá mynd 24 hér að neðan). Einnig var greinilegt að bygging þessi hafði verið endurbætt eða gert við hana nokkrum sinnum á meðan á notkun hennar stóð. Óregluleg dreifing stoðarhola og stoðasteina benti til þess að stoðir hefðu alloft verið færðar til. Var það einungis eftir að teikningar af þessum leifum höfðu verið settar saman, sem hægt var að fá einhverja mynd af stærð og lögun byggingarinnar sem virðist hafa verið um 10,5 x 6,5 m að stærð. Veggjarleifarnar voru að mestu úr torfi nema hluti vesturveggjar sem var úr grjóti einvörðungu. Í byggingunni fundust einnig

holur sem voru stærri en venjulegar stoðarholur og einnig fannst nokkur fjöldi af mjög smáum holum. Ekki verður sagt um það að svo stöddu til hvaða nota þær holur allar hafa verið .



Mynd 24: Teikning af byggingunni í hópi [1018] þar sem sýnt er hvernig raskaðir hlutar hennar hafa mögulega litið út (bláleitu línurnar).

Veggjarbrot [294], [483], [525] og [572]

Fjögur stök, mikið röskuð veggjarbrot fundust á svæðinu sem ekki virtust augljóslega vera hluti af byggingum. Veggjarbrot [483] og [572], sem bæði voru eingöngu úr torfi, voru nálægt suðvesturhorni uppgriftarsvæðisins eða rétt sunnan við bygginguna í hópi [1017] og greinilega yngri en hún. Veggjarbrot [483] var um 2,5 m á lengd og um 0,8 m á breidd og stefndi austur-vestur. Var um að ræða þunna strengjahleðslu sem var mest um 8 cm á þykkt og lá hún að nokkru yfir vestanverðum suðurvegg byggingarinnar sem tilheyrir hópi [1017] (sjá mynd 21 hér að framan). Veggjarbrot [572] var úti við suðurjaðar uppgriftarsvæðisins, um 2 m suður frá suðurvegg byggingarinnar í hópi [1017]. Það var 1,2 m að lengd (frá austri til vesturs), um 1 m á breidd og mest um 0,1 m á hæð. Ekki er lokað fyrir það skotið að veggjarbrotin [483]

og [572] hafi verið hluti af sömu byggingu, enda var skammt á milli þeirra, en að svo stöddu verður það ekki fullyrt.

Veggjarbrot [294] og [525] voru bæði austarlega á svæðinu, við “suðausturhorn” byggingarinnar í hópi [1018] (sjá að framan). Veggjarbrot [294] var um 5 m á lengd, um 1,5 m á breidd og mest um 0,2 m á hæð og sneri austur og vestur (sjá mynd 21 hér að framan). Greinilegar strengjarhleðslur mátti sjá í veggnum en svo virtist sem hann hafi lagst á hliðina (norðurhliðina) í heilu lagi því hleðslurnar voru greinilegar ef horft var ofaná vegginn en ekki ef horft var á hann frá hlið. Veggjarbrot [525] var um 0,2 m suður frá vestanverðu veggjarbroti [294], það var um 3 m að lengd, um 0,5 m að breidd, um 0,15 m á hæð og sáust greinilegar strengjahleðslur, þ.e 2-3 umför, í hliðum þess. Hugsast getur að veggjarbrot [525] og [294] hafi verið hlutar af sama vegg.

Skurðir [924] og [980]

Tveir skurðir (einingar [924] og [980]) fundust austast á svæði B (sjá mynd 21 hér að framan). Á þessum hluta svæðisins hallar landinu töluvert til austurs og virðist sem þessir skurðir hafi verið til þess gerðir að veita vatni frá mannvirkjum á svæðinu. Skurður [980] virðist hafa verið aðalfráveituskurðurinn og lá hann norður-suður þvert á brekkuna. Var hann ekki grafinn að fullu þar sem hann náði út fyrir mörk uppgraftarsvæðisins, að austan- norðan- og sunnanverðu. Því er óvíst um lengd og breidd skurðarins, en hann virðist hafa verið um 0,2-0,3 m á dýpt. Skurður [924] sem var grjótfylltur (eining [787]), lá til vesturs frá skurði [980] um 2 m sunnan við norðurjaðar uppgraftarsvæðisins. Var hann um 4 m að lengd, um 1 m á breidd og um 0,3 m á dýpt. Hallaði botn hans til austurs sem bendir til þess að honum hafi verið ætlað að veita vatni frá byggingum á svæðinu í skurð [980].



Mynd: 25. Skurður 924 áður en grjótið var fjarlægt úr honum. Horft til vesturs

Stétt [592]

Grjóthlaðin stétt fannst syðst á svæði B og var hún ekki grafin fram að fullu þar sem hún náði út fyrir mörk uppgraftarsvæðisins. Stéttin var gerð úr misstórum óreglulegum steinum og var sá hluti hennar sem var grafinn fram um 10 m að lengd (austur-vestur) og um 2 m á breidd. Virðist stéttin hafa verið utandyra þar sem ekki sáust neinir veggir sem tengdust henni.



Mynd 26. Horft til austurs yfir stétt [592].

Svæði B. Niðurstöður

Gjóskulagafræðingur sem kom að Naustum við upphaf uppgrftar á svæði B taldi að mannvistarlög á svæðinu væru frá tímabilinu frá 11. öld til 16. aldar e.Kr. Taldi hann stétt [592] vera frá því fyrir töluvert fyrir 1300 og væru jafnvel líkur á að hún væri frá því fyrir 1200 e.Kr. miðað við hraða jarðvegsþykkunar á svæðinu. Bygginguna, sem tilheyrir hópi [1018], taldi hann reista fyrir 1104 e.Kr. en hún hefði síðan verið lagfærð eða endurbyggð nokkrum sinnum, síðast einhvern tíma á 16. öld.⁹ Önnur mannvirki sem lýst var hér að framan höfðu ekki verið grafin upp þegar gjóskulagagreiningin fór fram. Því verður ekki fullyrt um aldur þeirra fyrr en að lokinni frekari greiningu á gögnum frá svæði B. Þó er hægt að segja að byggingin sem tilheyrir hópi [1017] er líklega frá 11. öld, þar sem hún er greinilega eldri en byggingin í hópi [1018] sem raskaði henni. Fyrstu niðurstöður þykja benda til þess að byggingarnar hafi verið útihús af einhverju tagi en skýrari niðurstöður um notkun þeirra og aldur verða þó að bíða frekari úrvinnslu gagna.

⁹ Sjá í viðauka 2. Magnús Á. Sigurgeirsson 2007. *Fornleifarannsókn í landi Nausta, Akureyri. Gjóskulagagreining.*

Heimildir.

Bjarni F. Einarsson 2006: *Naust. Fjárhúsa og hlöðutóft í landi Nausta IV og bæjarstæði í landi Nausta II, Akureyri. Skýrsla um fornleifarannsókn í september 2006. II skýrsla, án skráa.* bls. 12.

Gavin Lucas o.fl.2003: *Archaeological Field Manual.* Fornleifastofnun Íslands.

Howell Magnús Roberts 2007: *An Archaeological Evaluation at Naust Akureyri, óútgefin greinargerð*

Viðauki 1

The Spearhead from Naust, Akureyri

Astrid Daxböck

Find 4 is an iron spearhead found at the surface of a turf-charcoal rich layer [443], to the east of the smithying structure in the northern part of Area A (see Fig. 1).



Fig. 1. Left: Find 4, the spearhead on site right after its discovery. Middle: The spearhead after conservation.

Although the general preservation of iron at the site is ‘average to poor’, the spearhead is well preserved and complete. The surface and the upper part of the spearhead (along the blade’s cutting edges) are seen on X-ray imagery to be affected by corrosion (see Fig. 1).

Conservation work and x-ray imaging were carried out by the National Museum of Iceland.

The spearhead's total length is 156 mm, of which the blade is 79 mm and the socket is 77 mm. The maximum width of the blade is 18 mm and the outer diameter of the socket is 17-19 mm. The weight is 65.3 grams.

The spearhead has a lanceolate blade, with a distinct and slightly raised mid-rib, giving the blade a rhomboidal cross-section. The blade lacks a shoulder. No remains of the wooden shaft are preserved. According to the x-ray there is neither a rivet nor rivet-hole present in the socket, and no traces of decoration were noted (see Fig. 1).

As the spearhead is short, slender, light and simple, it should likely be interpreted as a throwing spear.

There is a small group of similar small spearheads in Iceland, for example those from Laufahvammur, Rangárvallahreppur (Þjms. 3334),¹⁰ Brú, Biskupsungnahreppur (Þjms. 1194)¹¹ and Hólaskógur, Gnúpverjahreppur (Þjms. 1978:91 A).¹² Another spearhead, 145 mm in length, was found within a Viking Age smithy at Suðurgata in Reykjavík. It is unfortunately very badly preserved, such that its shape and therefore type cannot be clearly determined.¹³

According to Patrick Ottaway spearheads of this shape appear sporadically in Anglo-Scandinavian Britain but are more commonly known in Scandinavia.¹⁴

Although the spearhead from Naust is much shorter and was not secured by a rivet to the wooden shaft, its form is most readily comparable to the spearhead from Gile, Øster Toten, in Norway,¹⁵ which belongs to a small sub-group of spearheads within Jan Petersen's "Other types".¹⁶ Spearheads of this group are characterized by a

¹⁰ An axe of unusual shape was found in the same area. As it is of a small size like the spearhead it is usually interpreted as the grave goods of a child.

Eldjárn and Friðriksson 2000, 58ff.

¹¹ Eldjárn and Friðriksson 2000, 85ff.

¹² Eldjárn and Friðriksson 2000, 84f.

¹³ Nordahl, 1988, 59 and 147.

¹⁴ Ottaway 1992, 715, fig. 311.

¹⁵ Petersen 1919, 35, fig. 26.

Further information about the spearhead from Gile, Øster Toten, was given by Heid Gjølstein Resi at the Kulturhistorisk Museum – Universitetet i Oslo.

Heid Gjølstein Resi, e-mail communication, "Spearhead from Gile", 17.12. 2007.

¹⁶ Petersen 1919, 35ff.

thick, lanceolate blade and have a small transitional part between blade and socket. The Gile spearheads were found with swords of type Q and Æ, and hence dated to the transition from the Viking age to Medieval ages.¹⁷

This is in good concordance with the dating of the smithy to the period between 950-1050 AD (see Magnús Á. Sigurgeirsson's discussion below).

It is unclear whether the spearhead from Naust is of local production or a Scandinavian import. As stated by various scholars some Icelandic spearheads could be the result of local production¹⁸ and, as pointed out by Fedir Androshchuk, more archaeological excavations and detailed research on spearheads are required to address this point.¹⁹

¹⁷ Petersen 1919, 35.

¹⁸ Eldjárn and Friðriksson 2000, 601.

Androshchuk 2004, 6.

¹⁹ Androshchuk 2004, 6-7.

References

ANDROSHCHUK, Fedir: "A Viking Age spearhead from Kolkuós". *The Hólar Research Reports*. **2004:4**. Háskólinn á Hólum. 2004.

ELDJÁRN, Kristján and Adolf FRÍÐRIKSSON: "Kuml og haugfé. Úr heiðnum sið á Íslandi". Reykjavík 2000.

NORDAHL, Else: "Reykjavík from the archaeological point of view". *Aun* **12**, Uppsala 1988

OTTAWAY, Patrick: "Anglo-Scandinavian Ironwork from 16-22 Coppergate". *The Archeology of York* **Vol. 17**: The Small Finds. 1992.

PETERSEN, Jan: "De norske vikingesverd. En typologisk-kronologisk studie over vikingetidens vaaben". Kristiania 1919.

Viðauki 2

Fornleifarannsókn í landi Nausta, Akureyri. Gjóskulagagreining.

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netföng: masig@mmedia.is / ms@gr.is

Vettvangsferð var farin á Akureyri þann 8. júní 2007. Rannsóknarsvæðið er í landi Nausts í suðurjaðri Akureyrarbæjar. Skoðuð voru snið víðs vegar á rannsóknarsvæðinu, sem eru tvö aðgeind svæði (kölluð austursvæði og vestursvæði hér). Tekin voru gjóskusýni til frekari athugana og snið ljósmynduð. Eitt snið var mælt og teiknað.

Samkvæmt fyrri rannsóknum er eftirfarandi gjóskulög að finna við Eyjafjörð: Landnámslag (LNL) frá ~870, Veiðivatnagjóska frá ~950, Hekla-1104, Katla-1262, Hekla-1300, Veiðivötn-1477 ("a"-lagið), Hekla-1766 og Veiðivötn-1717. Í Eyjafirði er svonefnd Landnámssyrpa (LNS) áberandi í jarðvegssniðum. Í henni eru allt að fimm basísk (dökklit) gjóskulög með stuttu millibili.

Niðurstöður athugana

Austursvæði:

Á austurhluta svæðisins er allstór hringlaga kolaflekkur. Skoðuð voru snið í bökkum uppgraftarsvæðisins og undir kolalaginu. Snið var mælt í SA-horni svæðisins (mynd 1). Undir kolalaginu er LNS lítið röskuð og næst ofan á henni er þunnt torflag (strengur) með LNS. Torfið er viðsnúið í flestum tilvikum. Í því eru tvö þunn grænleit gjóskulög. Líklegast er að efra lagið sé V~950 og það neðra LNL. Torfið og kolalagið er því að öllum líkindum frá því eftir 950. Í bökkum uppgraftarsvæðisins má sjá kolablandið mannvistarlag sem vafalítið samsvarar kolalaginu. Þetta lag liggur 4-5 cm undir gjóskulaginu H-1104. Miðað við jarðvegsþykknun á milli H-1104 og K-1262, sem er 0.1 cm/ári, gæti kolalagið verið um 40-50 árum eldra en H-1104. Segja má með nokkurri vissu að kolalagið sé frá tímabilinu 950-1050.

Vestursvæði:

Á þessu svæði er mest áberandi mannvirki byggt úr torfi. Steinar eru í undirstöðum veggja (ekki grafið að fullu fram). Stétt úr grjóti er sunnan við rústina. Hægt er að greina á milli þrenns konar torfs í rústinni út frá gjóskulögunum sem það inniheldur. Á því geta verið ýmsar skýringar. Torfið gæti verið stungið á mismunandi stöðum, mismunandi dýpi eða verið frá mismunandi tímum. Ber mannvirkið þess merki að hafa verið endurhlaðið/endurbætt nokkrum sinnum í gegnum tíðina. Bendir flest til að torfið sé frá þremur mismunandi tímaskeiðum.

Neðsta torfið (strengur) inniheldur LNS ásamt þunnu ljósleitu mannvistarlagi.



Ofan á því er fremur grófgert torf þar sem linsur af H-1104 eru áberandi.

Efst má sjá torfhnausa þar sem gjóskulagið V-1477 er ráðandi.

Elsta torfgerðin (1) er líklega frá því fyrir 1104, þar sem H-1104 er ekki í torfinu. Næstelsta torfið (2) er frá því eftir 1104 og fyrir 1300 og yngsta torfið (3) er skorið eftir 1477, á 16. öld eða síðar. Líklega áður en gjóskulagið V-1717 fellur.

Afstaða H-1104 til rústarinnar er ekki skýr í bökkunum utan við rústina. Gjóskulagið H-1300 er um 15-20 cm yfir stéttinni sunnan við rústina sem sýnir að hún frá því alllöngu fyrir 1300. Miðað við þykkunarhraða jarðvegs á svæðinu gæti stéttin verið frá því fyrir 1200. Í bökkunum/sniðunum suður og vestur af rústinni eru torflög, sem tengjast rústinni, vel undir H-1300.

Niðurstaða þessara athugana er því sú að mannvirkið spanni alllangt tímabil og hafi verið endurbyggt/lagfært nokkrum sinnum í gegnum tíðina. Elsti hluti þess er frá því fyrir 1104, líklega 11. öld. Ummerki sjást um endurbætur eftir 1104 og fyrir 1300. Yngsta torfið er frá því eftir 1477, 16. öld eða síðar.



Mynd 1. Jarðvegssnið frá Akureyri, landi Nausts.

Helstu stoðrit

Magnús Á. Sigurgeirsson 1993: *Gjóskulög í innanverðum Eyjafjarðardal*. Jarðfræðafélag Íslands, Vorráðstefna, dagskrá og ágrip, s. 41-42.

Magnús Á. Sigurgeirsson 2001: *Fornleifarannsókn á Gásum í Eyjafirði. Gjóskulagagreining*. Greinargerð 01/03, 3 s (unnin fyrir FSÍ).

Magnús Á. Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson og Hafliði Hafliðason 2002: *Gjóskulagarannsóknir við Mývatn – aldursgreining elstu byggðar*. Vorráðstefna 2002. Ágrip erinda og veggspjalda, Jarðfræðafélag Íslands, s. 36-37.

Sigurður Þórarinnsson 1968: *Heklueldar*. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.